

REGLUGERÐ

um staðlað eyðublað fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu og stöðluð
eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup yfir EES
viðmiðunarfjárhæðum.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2016 frá 3. júní 2016 og nr. 140/2020 frá 25. september 2020 um að bæta við XVI. viðauka EES-samningsins (Opinber innkaup) eftirfarandi reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/7 um staðlað eyðublað fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda og 2019/1780 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup.

2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/7 frá 5. janúar 2016 um staðlað eyðublað fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 18. ágúst 2016, bls. 445.

3. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1780 frá 23. september 2019 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2015/1986. Reglugerðin sem birt er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 31. mars 2021, bls. 97, með breytingum samkvæmt:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2303 frá 24.

nóvember 2022 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1780 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup sem vísað er til í XVI. viðauka EES-samningsins eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2024, frá 2. febrúar 2024, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 51, frá 27. júní 2024, bls. 67-68.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 122. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016, tekur þegar gildi og kemur í stað reglugerðar nr. 971/2016 um sama efni.

- Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. október 2021. -

F. h. r.

- Sigurður H. Helgason. -

- Hrafn Hlynsson. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.